



FUNDARGERÐ
11. fundur Odda bs
haldinn Suðurlandsvegi 1-3 , 2. apríl 2019
og hófst hann kl. 08:15.

Fundinn sátu:

Haraldur Eiríksson, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Ásta Berghildur Ólafsdóttir og Ágúst Sigurðsson.

Fundargerð ritaði: Ágúst Sigurðsson, Sveitarstjóri.

Áður en gengið var til dagskrár var samþykkt samhljóða að bæta við dagskránnu liðum 3. Erindi frá leikskólastjórum varðandi starfsdag og 4. Erindi frá leikskólastjóra á Laugalandi.

Dagskrá:

1. Ársreikningur Odda bs 2018 - 1903058

Ársreikningur lagður fram til samþykktar.

Lagður fram ársreikningur 2018 fyrir Byggðasamlagið Odda bs og hann samþykktur samhljóða.

2. Samþykktir fyrir byggðasamlagið Odda bs - 1512003

Endurskoðun samþykktanna.

Stjórn Odda bs leggur til að fyrri endurskoðun á samþykktum fyrir byggðasamlagið verði látin standa og ekki verði gerðar frekari breytingar að sinni. Tryggt verði að allir sveitarstjórnarfulltrúar, bæði aðal- og varamenn hafi aðgang að öllum fundagögnum stjórnar Odda bs í gegnum fundagáttina. Stjórn Odda bs samþykkir samhljóða að fulltrúa E-lista í sveitarstjórn Ásahrepps verði boðið að sitja stjórnarfundi Odda bs með málfrelsi og tillögurétt frá og með næsta stjórnarfundi sem áætlaður er 23. apríl n.k. Þetta fyrirkomulag verði til reynslu í eitt ár.

3. Erindi frá leikskólastjórum varðandi starfsdag - 1904003

Beiðni um að fá að setja inn auka starfsdag á skóladagatal næsta árs.

Lagt fram til kynningar. Óskað eftir því að leikskólastjórar komi til næsta fundar í stjórn Odda bs til að fara yfir málið. Afgreiðslu frestað.

4. Erindi frá leikskólastjóra á Laugalandi - 1904004

Varðandi ráðningu aðstoðarleikskólastjóra.

Lagt fram til kynningar. Afgreiðslu frestað til næsta fundar í stjórn Odda bs.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:50.


Haraldur Eiríksson


Margrét Harpa Guðsteinsdóttir


Ásta Berghildur Ólafsdóttir


Agúst Sigurðsson